# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1880-1902

Aðfnr. 2226, örk 12

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

25/7 85

til athugunar
EThS

Við undirskrifaðir leyfum okkur hjer með virðingarfyllst að mælast til, að hinni heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkur móttli þóknast að vera viðstödd við afhjúpun minnisvarða Hallgríms Pjeturssonar, sem að forfallalausu fer fram 2. ágúst kl. 5. e. h.

Reykjavík 24. júlí 1885.

Virðingarfyllst

Gunnar Ólafsson Tryggvi Gunnarsson

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur. Vertí!

Bþj. 501/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sjeð Sveinbjörnsson

Jón Ólafsson

Björn Jónsson

Sjeð Eiríkur Briem.

Sjeð ~~H.Kr.~~ Friðriksson.

Sjeð Jón. A. Hjaltalín.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og hinni háttvirtu bæjarstjórn er kunnugt, var jeg í janúarmánuði 1882 kosinn bæjarfulltrúi Reykjavíkur kaupstaðar til 6 ára, og er tími sá, sem jeg er kosinn fyrir, þannig ekki útrunninn fyr en í árslok 1887. Þar eð jeg nýlega hef verið skipaður landshöfðingi yfir Íslandi, og jeg verð að álíta, að það geti ekki átt saman að veita því embætti forstöðu og að vera bæjarfulltrúi, en um það efni skal jeg skírskota til ákvarðananna í tilskipun 20. apríl 1872, 9., 10. 12., 19., 24. og 30. gr., leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að hin háttvirta bæjarstjórn veiti mjer lausn frá að vera bæjarfulltrúi það sem eptir er kosningartímans.

Reykjavík 29. maí 1886.

Virðingarfyllst

Magnús Stephensen

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna þess að hlutaðeigenda er áríðandi
að fá sem fyrst vitneskju um hvort
meðfylgjandi virðingargjörð á húseign
Sigurðar snikkara Árnasonar verði sam-
þykkt af bæjarstjórninni, þá vil jeg
hjermeð biðja hina heiðruðu meðlimi
bæjarstjórnarinnar að rita atkvæði
sitt um það efni á blað þetta

Reykjavík, í skrifstofu bæjarfógetans
5. júlí 1886
Jón Jensson
settur

Björn Jónsson – samþykkur.
Eiríkur Briem sömuleiðis.
Guðmundur Þórðarson samþykkur
Halldór Friðriksson samþykkur.
~~Lár~~ Jón Ólafsson samþykkur.
Lárus Sveinbjörnsson samþ.
Páll Þorkelsson, er samþykkur virðingargjörðinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð óska jeg að hin heiðraða bæjar-
stjórn Reykjavíkur-kaupstaðar vildi leyfa
mjer að leggja stíg af Bráðræðisveg og heim
að húsi mínu „Ráðagerði" stíginn hugsa
jeg til að leggja milli húsanna „Skuldar"
og „Sellands" vestanvert við kálgarð þann
sem fylgir húsinu „Skuld" jeg skal geta þess
að þar er óyrkt lóð. og þó stígsbreiddin
væri tekin af þeirri lóð þá ~~[illegible]~~ yrði
eptir rúmlega 30 álna breið lóð frá stígnum
og vestur að Selsmýri, svo eigandi Sellands
liði engan baga stígsins vegna þó hann
vildi yrkja kálgarð.

Jeg treysti svo rjettsýni hinnar heiðr-
uðu bæjarstjórnar, að hún verði við þessari
ósk minni, sem er jafn kostnaðarlaus fyrir
bæjarsjóð og hún er mjer nauðsynleg þareð
enginn akvegur hefur hingað til legið
að húsi mínu, sem er þó mjög óþægi-
legt og getur verið skaðlegt ef svo
óheppilega vildi til að eldur kæmi
upp í húsinu, en slökkviliðið kæmi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki slökkviáhöldum nálægt húsinu vegna vegleysis.

Virðingarfyllst

Ráðagerði 27 Júni 1886

Árni Jónsson

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vegna

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12

Eftir tilmælum hins háttvirta
Bæjarfogeta Jóns Jenssonar höfum
við undirskrifaðir gjört áætlun
yfir hvað það mundi kosta að
gjöra við öll herbergin í Barna
skólanum bæði með kalki
og málingu og setja þil ~~undir~~
uppað gluggum á alla útveggi
í kenslustofunum, fyrir að
mála öll herbergin og gangana
með limfarva og kitta glugga
og mála þá utan og innan
með oljulit og gólfrisar og
hið nýja þil tvisvar 208 kr
fyrir að gjöra við alla
múrana og hvitta loftin
og skifta um ofna og
rífa up eldavjelina 90 kr
samtals 298

Bfjst N 442/86

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Enn ef alt væri málað tvisvar
með olíulit og borið límvatn
undir á alla veggina og
þilinu á útveggina 331 kr

Reykjavík dag 12 Agust 1886

M. Árnason

Björn Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Áætlun yfir að mála öll íveruherbergi, kenslu-
stofur, ganga og glugga í barnaskólahúsinu
að utan og innan og kitta þá.

Fyrir að setja þil á útveggi í öllum kenslu-
stofunum uppundir glugga með því að
leggja til — — — — — 72 kr.
Fyrir límfarva á allt, nema trjeð 70 —.
Fyrir olíufarva á alla glugga, utan og
innan, á gólffrísarnar og nýja þilið,
og fyrir kitt — — — 30 —.
Fyrir að mála alla gluggana utan og
innan og kitta þá — — 26 —.
Fyrir að mála allt með límfarvanum 50 —.
Fyrir að mála allar gólffrísar og þilið
tvisvar sinnum — — 12 —.

samtals: 260 kr.

Enn ef allt væri málað tvisvar með olíu-
farva og borið límvatn undir, þá mundi

Bfjpt 458/86.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farvi og lím kosta hjerumbil — 130 kr.
og fyrir að mála tvisvar með olíufarva og
einusinni með límvatni —— 150 —
Fyrir að mála frísarnar, pílim og
gluggana og kitta þá eins og áður 38

samtals 318

Fyrir að gjöra við alla veggi innan.
og hvítta loftin. Rífa niður eldavjelina
og skipta um 4 ofna. Verkalaun.
á þessu verða 66 kr. Kalk Sandur
og múrsteina 26 kr

allt 92 kr

Reykjavík 20 ágúst 1886

M. Árnason
Björn Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagsskrá

fyrir bæjarstjórnarfund 1. júlí 1886 kl. 5 e.m.

1. Brjef frá Kristjáni Jónasarsyni útaf útsvari hans.
2. Brjef frá Eyjólfi Þorkelssyni ~~gull~~úrsmið um borgun úr bæjarsjóði fyrir flutning á tröppum.
3. Um ferðakostnað til Kaupmannahafnar handa yfirsetukonu Sesselju Sigvaldadóttur.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 1. júlí 1886

Jón Jensson
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tilkynnt
bæjargjaldkera 19. júní og
brunamálastjóra 13. júlí

1

# Útskript

úr virðingabók Reykjavíkurkaupstaðar 1886

Ár 1886 þann 7. júní var eptir beiðni Sesselíu Þórðardóttur tekin fyrir virðing á húsi hennar № 23 2 í Þingholtsstræti: Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn: Björn múrari Guðmundsson og Magnús Snikkari Árnason

Þingholtsstræti. Hús Sesselíu Þórðardóttur úr bindingi múrðuðum með múrsteini á lengd 12 ál., breidd 10 ál. veggjahæð 5½ ál., með járnþaki á súð. Undir öllu húsinu er kjallari hólfaður í sundur í þrent, og er í honum ~~ein~~ eldavél.
Niðri í húsinu eru 4 herbergi með tvöföldu borðalopti og veggjapappír á blindlistum, og eru öll herbergin máluð, og í þeim eru 2 magasínofnar og eldavél
Á loptinu eru 4 herbergi 2 þeirra í norðurendanum eru alþiljuð með borðum, og máluð og í þeim er nýlegur ofn. Í suðurendanum eru 2 herbergi, með borðalopti, og þiljur á súð inni með veggjapappír og er í þeim 2 ofnar nýlegir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allt húsið er klætt að utan með borðum
Hver klampandi alin var virt 310 kr 3720

| | | |
|---|---|---|
| 2 ofnar 50 kr | — — | 100 |
| 3 — " — 25 " | — — | 75 |
| 2 eldavjelar | | 107 |
| | | Kr. 4002 |

O. Finsen, Magnus Árnason, Björn Guðmundsson
 #  #  #

Rjetta útskript vottar.

O Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

m

20

0

5

7

2

sson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tilkynnt
bæjargjaldkera 19. júní
og
brunamálastjóra 13. júlí

# Útskript

úr virdingabók Reykjavíkurkaupstadar árið 1886.

Ár 1886 þann 16. júní var eptir beidni Björns Gudmundssonar múrara tekin fyrir virding á geymsluhúsi, er hann hefir látið byggja við húseign sína № 24 í Ingólfsbrekku: Unnu ad þessari virdingu hinn reglulegi virdingamadur Magnús snikkari Árnason, og í stad Björns Gudmundssonar, var fengin Einar timburmadur Jónsson, sem hafdi undirskrifad þá lögskipudu skuldbindingu. —

Ingólfsbrekku Björn múrari Gudmundsson hefir nordan vid geymsluhús sitt b byggt annad geymsluhús, á lengd 10 al., breidd 8½ al., hæd 4½ al. úr bindingi ómúrud-um, klætt med bordum og med járnþaki á leng-böndum. Í húsi þessu er lopt, og í nokkrum parti þess er gólf, og hólfad í sundur í tvent.
Hver klampandi alin í húsi þessu er virt á 75 kr. = 750 kr.

O. Finsen Magnús Árnason Einar Jónsson.

Sama ár og dag var einnig tekinar fyrir eptirfylgjandi virdingar, og unnu ad þeim hinir reglulegu virdinga-menn Magnús snikkari Árnason og Björn múrari Gudmundsson.

Hafnarstræti kaupmadur Jón O. V. Jónsson, sem ordinn er eigandi ad húseign Consuls M. Smith sáluga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 134 í Hafnarstræti, hefir nú látið byggja ofan á húsið, svo að það er nú tvíloptað.
Hús þetta er nú á lengd 20¼ al., breidd 12 ál., hæð 10 ál., úr bindingi, og er það múrað hálft með múrsteini: húsið er með hellu þaki á þéttum borðum.
Neðri bygging hússins er eins og áður var, (: í austurendanum er geymsluhús, og vesturendanum er 2 herbergi, og annað þeirra sléttað með kalki en einföldu borðalopti.
Efri byggingunni er skipt í 4 herbergi og eldhús og eru þau öll þiljuð með borðum, og þar innan á veggjapappír, og tvöföldum loptum ofan og neðan en máluð.
Uppi á loptinu eru 2 herbergi sitt í hvorum enda hússins; öll þiljuð með borðum og máluð.
Hús þetta er að mestu leyti klætt með borðum en austurendinn með járni.
Hver klampandi al. í húsi þessu var virt á 320 kr. = 6480

Þingholtsstræti Eyólfur snikkari Ófeigsson og Guðmundur smiður Magnússon, hafa nú fullgjört húseign sína № 291. Hús þetta er á lengd 12 ál., breidd 11½ al., hæð 4½ al. einloptað úr bindingi klætt að utan með borðum, og járnþaki á súð með kjallara undir hólfað í sundur í tvent.
Niðri í húsinu eru 4 herbergi með tvöföldum loptum, og eru tvö þeirra þiljuð með borðum og tvö þeirra með veggjapappír og máluð, og eru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í þeim 2 ofnar, í eldhúsinu er eldavél:
Uppi á loptinu eru og 4 herbergi afþiljuð með
borðum, og 2 þeirra máluð í öðru þeirra er ofn.
Hver klampandi al. er virt á 280 kr. 3360 . 3360
þrír ofnar 2/50 kr 1/25 kr. 125 . 125
eldavél 56 . 56 3541

O. Finsen Magnús Árnason Björn Guðmundsson

\# \# \#

Rétta útskrift vottar

O. Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aetlun yfir 30 af leingingu
á hafnarbriggunni ef brukað-
ur er viðurinn ofanaf grjót
briggunni. það þurfa til leing-
íngar hjerumbil 600 al af trjám
enn úr briggunni koma ekki
nema 458 al svo þá vantar
af trjám 142 al sem kosta 71 kr
enn plánkarnir ofan af duga
hjerumbil ofaná leingínguna
og innanní og í botnin
undir grjótið. enn svo vanta
borð í klæðninguna að utan og
þar til þurfa borð fyrir 200 kr
skrufboltar úr því gamla
gjöri jeg ráð fyrir að verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjerumbil nægir, enn alla
spikara og saum vantar
sem mun hjerumbil kosta 90 kr
og uppfillingar grjót fyrir 240 kr
fyrir að rífa alt upp ofan af
grjótinu og járn og saum úr
því, og bera það upp 150 kr
og fyrir smíði og niðursetninga
á leingingunni, og filla í
grjótinu — — — 500 kr

og þá kostar leingingin 1251 kr

Reykjavík 10 Júlí 1886

M. Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Uppdrátt af leingunni hefi jeg til sínis ef þess verður óskað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur